

Fimmtudaginn 6. mars 1997.

Nr. 304/1996.

Timburvinnsla H. J. ehf.

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Stórtaki ehf.

(Sveinn Skúlason hdl.) og

Stórtak ehf.

gegn

Timburvinnslu H. J. ehf. og

Hjörleifi Júlíussyni

Verksamningur. Aðild. Vanreifun. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi, Timburvinnsla H. J. ehf., skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. ágúst 1996 og krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, Stórtaks ehf., en til vara, að þær verði lækkaðar verulega. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi, Stórtak ehf., skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. febrúar 1997 að fengnu áfrýjunarleyfi, og varð það mál nr. 75/1997. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er varðar Timburvinnslu H. J. ehf., og að stefndi Hjörleifur Júlíusson verði dæmdur in solidum ásamt Timburvinnslu H. J. ehf. til þess að greiða sér hinar dæmdu kröfur. Til vara krefst hann staðfestingar héraðsdóms. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Hjörleifur krefst staðfestingar héraðsdóms, að því er sig varðar, en til vara, að kröfur þessa áfrýjanda verði lækkaðar. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málin voru sameinuð og flutt sem eitt mál fyrir Hæstarétti.

I.

Eftir uppsögu héraðsdóms komu fyrir héraðsdóm til skýrslugjafar Sverrir Sverrisson húsasmiður og Steingrímur Þórarinsson, faðir Þórarins Steingrímssonar, forsvarsmanns Stórtaks ehf. Sverrir, sem

áfrýjaði ekki héraðsdómi á hendur sér, bar fyrir dómi, að hann hefði fengið Hjörleif Júlíusson með sér í framkvæmdir, sem um ræðir í málinu og lýst er í héraðsdómi. Lóðir að Grundarsmára 8-14 í Kópavogi hafi verið færðar af hans nafni yfir á fyrirtæki Hjörleifs, Timburvinnslu H. J. hf., og Hjörleifur boðist til að fjármagna dæmið og útvega efni og timbur. Sjálfur hafi Sverrir kannað verð á grefti, og hafi það á nokkrum stöðum verið „hundrað kall upp á bakka“. Hann hafi hitt Þórarin Steingrímsson, sem boðið hafi „50 kall upp á bakka“. Hann hafi þá hringt í Hjörleif og sagt honum tölurnar, sem honum hafi litist mjög vel á. Hjörleifur hafi í símtalinu beðið sig að ganga frá samningi við Þórarin, sem hann hafi gert. Hjörleifur hafi aldrei dregið umboð hans til að gera samninginn í efa, fyrir en til málaferlanna var komið. Hann bar og, að verkið hefði fengist ódýrt og magntölur séu réttar.

II.

Svo sem í héraðsdómi greinir, reisir Stórtak ehf. kröfur sínar á hendur gagnaðilum sínum á verksamningi, sem undirritaður var 10. júní 1994 af Þórarini Steingrímssyni og Sverri Sverrissyni. Verktaki er þar nefndur Þórarinn, en verkkaupar Hjörleifur Júlíusson og Sverrir. Af hálfu Stórtaks ehf. hefur því verið lýst, að það hafi fengið verkið framselt frá Þórarini strax í upphafi, og hafi framkvæmdirnar verið í nafni þessa félags. Virðist af hálfu Stórtaks ehf. gert ráð fyrir því, að það hafi getað tekið við framkvæmdunum samkvæmt verksamningnum án samþykkis verkkaupa.

Stórtak ehf. reisir kröfur sínar á hendur Timburvinnslu H. J. ehf. einkum á því, að þessi aðili hafi gengið inn í verksamninginn, enda hafi Kópavogsbær samþykkt, að hann yrði skráður lóðarhafi 28. apríl 1994, og lóðarhafi sé ávallt greiðsluskyldur, þegar unnið sé á lóð hans. Auk þessa byggir Stórtak á því, að Timburvinnslan hafi greitt 100.000 krónur inn á verkið 4. nóvember 1994.

Svo sem að ofan greinir, hefur Sverrir Sverrison nú komið fyrir dóm og lýst því, með hvaða heimild hann taldi sig semja við Þórarin Steingrímsson fyrir sína hönd og Hjörleifs Júlíussonar. Hjörleifur neitaði því við aðalmeðferð málsins í héraði að hafa veitt Sverri slíkt umboð.

Fyrir Hæstarétti styður Stórtak ehf. enn fremur kröfu sína á

hendur Timburvinnslu H. J. ehf. og stefnda Hjörleifi á því, að þeir myndu auðgast á hans kostnað, ef krafa hans á hendur þeim næði ekki fram að ganga. Við munnlegan málflutning í Hæstarétti var því lýst yfir, að málsástæða þessi hefði komið fram við munnlegan málflutning í héraði, en hennar er að engu getið í héraðsstefnu, og liggja engin gögn fyrir um þá auðgun, sem Stórtak ehf. telur umrædda gagnaðila sína hafa notið. Þá hefur ekkert verið rökstutt, á hvaða grunni stefndi Hjörleifur hafi getað talist auðgast af verkinu.

Áfrýjandi, Timburvinnsla H. J. ehf., og Hjörleifur Júlíusson hafa báðir mótmælt aðild Stórtaks ehf. og hafnað eigin aðild sinni að málinu. Þegar allt ofangreint er virt, verður að telja, að málatilbúnaður Stórtaks ehf. á hendur þessum aðilum sé að þessu leyti svo vanreifaður, að ekki hafi verið unnt að leggja á hann dóm. Verður ekki hjá því komist að vísa kröfum hans á hendur þessum aðilum sjálfkrafa frá héraðsdómi, en hinn áfrýjaði dómur stendur óraskaður gagnvart Sverri Sverrissyni.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður þessara aðila í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Kröfum áfrýjandans Stórtaks ehf. á hendur stefndu, Timburvinnslu H. J. ehf. og Hjörleifi Júlíussyni, er sjálfkrafa vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður milli þessara aðila í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. júlí 1996.

Mál þetta var dómtekið 28. júní 1996 að lokinni aðalmeðferð.

Stefnandi er Stórtak hf., kt. 461094-2799, Búðarbraut 8, Búðardal.

Stefndu eru Timburvinnsla H. J. hf., kt. 421193-2319, Ennisbraut 1, Blönduósi, Hjörleifur Júlíusson, kt. 200653-5569, Mýrarbraut 23, Blönduósi, og Sverrir Sverrison, kt. 030364-5119, Vallarási 4, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.589.094 kr., með vanskilaársvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. júní 1995 til greiðsludags. Þess er krafist, að vanskilavextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, sbr. 12. gr. sömu laga. Krafa þessi er að frádreginni innborgun að fjárhæð 100.000 kr. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefndu Timburvinnslu H. J. hf. og Hjörleifs Júlíussonar eru þær aðallega, að þeir verði alsýknaðir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og stefnanda gert að greiða báðum stefndu málskostnað [...].

Til vara krefjast framangreindir stefndu þess, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og aðeins teknar til greina að óverulegu leyti og að málskostnaður verði þá felldur niður.

Af hálfu stefnda Sverris Sverrissonar var ekki sótt þing og engar kröfur gerðar.

Sættir voru reyndar með aðilum án árangurs.

I.

Málavextir eru þeir, að stefnandi vann jarðvinnu vegna byggingar íbúðarhúsa við Grundarsmára 8, 10, 12 og 14 í Kópavogi. Um var að ræða gröft fyrir nefndum húsum, tilfærslu á grjóti eftir fleygun, akstur með jarðvegsfni ásamt fleira.

Til grundvallar verkinu var gerður verksamningur 10. júní 1994, þar sem Þórarinn Steingrímsson er tilgreindur verktaki, en stefndu Hjörleifur Júlíusson og Sverrir Sverrisson eru nefndir verkkaupar. Samningurinn er undirritaður annars vegar af Þórnari Steingrímssyni sem verktaka og Sverri Sverrisyni f. h. verkkaupa. Þórarinn Steingrímsson lét síðan stefnanda annast verkið af hálfu verktaka, sem gaf út reikning fyrir heildarverkinu. Stefndu greiddu inn á verkið 100.000 kr. 15. nóvember 1994.

Með bréfi, dagsettu 19. júlí 1995, skoraði stefnandi á stefndu að greiða skuldina, og var bréfið ítrekað 4. ágúst 1995 án árangurs. Reikningurinn fékkst ekki greiddur, og þingfesti stefnandi mál þetta á hendur stefndu á reglulegu dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur 19. desember 1995.

II.

Stefnandi vísar til þess, að til grundvallar því verki, sem unnið hafi verið, hafi verið verksamningur, dagsettur 10. júní 1994. Dómkröfur sínar reisir stefnandi á reikningi á hendur stefndu, dagsettum 15. júní 1995, að fjárhæð 1.589.094 kr. Á fundi með Þórnari Steingrímssyni og stefnda Hjörleifi 12. september 1995 hafi þeim síðarnefnda verið afhentur heildarreikningur fyrir verkið og gefinn kostur á að gera athugasemdir við hann, sem stefndi Hjörleifur hafi ætlað að gera, eftir að hann hafði ráðfært sig við stefnda Sverri. Ekki hafi komið fram neinar athugasemdir af hálfu stefndu við reikninginn, og hafi stefndi Hjörleifur ætlað að hafa samband við lögmann stefnda til greiðslu á skuldinni, en ekki gert það þrátt fyrir nokkrar yfirlýsingar í þá átt.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna samninga- og kröfuréttar

um greiðsluskyldu skuldara og til verksamnings. Þá er vísað til laga nr. 91/1991 um rekstur málsins.

III.

Stefndu Timburvinnslan H. J. hf. og Hjörleifur Júlíusson styðja kröfu sína um sýknu því, að stefnandi tilgreini Timburvinnslu H. J. hf. ekki sem verkkaupa samkvæmt verksamningi þeim, sem hann reisi kröfur sínar á. Stefnandi Hjörleifur hafi ekki heldur verið aðili að þeim verksamningi, enda samningurinn hvorki undirritaður af honum né neinum, sem hafi haft til þess umboð. Hvorugur þessara stefndu hafi því tekið á sig greiðsluskuldbindingar gagnvart stefnanda, sem sé ekki heldur aðili umrædds verksamnings, og hafi ekki gerst verkkaupar að því verki, sem unnið hafi verið.

Stefndu Timburvinnsla H. J. hf. og Hjörleifur Júlíusson kveðast hafa átt viðræður við lögmann stefnanda til lausnar málsins og boðið, að krafa Timburvinnslu H. J. hf. vegna fram lagðs reiknings á dskj. nr. 13 kæmi til skuldajafnaðar kröfum stefnanda og málið félli niður, en það hafi ekki verið samþykkt. Einnig hafi framangreindir stefndu reynt að gera upp umrædd viðskipti við stefnda Sverri Sverrisson, en stefnandi hafi ekki heldur fallist á það.

Varakröfu sína byggja framangreindir stefndu á því, að kröfugerð stefnanda sé röng. Verðlagning stefnanda á umræddu verki sé gagnrýnisverð og sundurliðun verkþátta og einingaverð sé rangt og bersýnilega ósanngjarnt, en tilgreint verð sé mun hærra en hægt sé að fá sambærilega vinnu keypta fyrir.

Þá sé hvergi í gögnum málsins að finna framsal á umræddum verksamningi né heimild til slíks.

Um lagarök vísa stefndu Timburvinnsla H. J. hf. og Hjörleifur Júlíusson til reglna samninga- og kröfuréttar, svo sem ákvæða laga nr. 7/1936 og laga nr. 39/1922, einkum til ákvæða II. kafla laga nr. 7/1936 um umboð, sbr. 10.–28. gr. laganna. Þá er og vísað til ákvæða laga nr. 91/1991, einkum varðandi aðalkröfur til 2. mgr. 16. gr. laganna. Um málskostnað er vísað til málskostnaðarreiknings lögmanns beggja stefndu svo og til ákvæða XXI. kafla laga nr. 91/1991 og III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum.

IV.

Dómkröfur stefnanda lúta aðallega að því, að stefndu greiði 1.589.094 kr. með dráttarvöxtum. Stefnufjárhæðin er hin sama og tilgreind er á fram lögðum reikningi, og verður því að líta svo á, að hér sé um málsástæðu stefnanda samkvæmt stefnunni að ræða.

Fram lagður reikningur, dagsettur 15. júní 1995, er gefinn út vegna vinnu,

sem unnin er samkvæmt fram lögðum verksamningi, dagsettum 10. júní 1994. Styður stefnandi kröfur sínar því, að verksamningurinn liggi til grundvallar því verki, sem unnið var. Verktaki samkvæmt samningnum er Þórarinn Steingrímsson, en kröfuhafi samkvæmt reikningnum er stefnandi Stórtak hf. Þórarinn kom fyrir dóminn við aðalmeðferð málsins og bar, að stefnandi hefði tekið við verkinu af sér og þannig orðið eigandi kröfu samkvæmt verksamningnum. Með vísan til gagna málsins og framburðar aðila og vitna fyrir dóminum verður ekki séð, að mótmæli hafi komið fram gegn aðild stefnanda að kröfunni, hvorki á fundum með lögmanni stefnanda né þegar innborgun var innt af hendi inn á reikning stefnanda í nóvember 1995. Samkvæmt meginreglum íslensks kröfuféttar er kröfuframsafal heimilt, og þarf ekki til að koma samþykki skuldara. Verður því ekki fallist á sýknukröfu stefndu vegna aðildarskorts sóknar megin.

Í verksamningnum eru stefndu Hjörleifur Júlíusson og Sverrir Sverrisson tilgreindir sem verkkaupar. Undir samninginn ritar stefndi Sverrir f. h. verkkaupa. Gegn eindreginni neitun stefnda Hjörleifs verður ekki talið sannað, að stefndi Sverrir hafi haft umboð til undirritunar fyrir hans hönd, en stefndi Sverrir kom ekki fyrir dóminn til skýrslutöku, enda varð útivist af hans hálfu í málinu. Verður því ekki séð, hverju aðild stefnda Hjörleifs að máli þessu tengist, og ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Að því er varðar aðild stefnda Timburvinnslu H. J. hf., verður að líta til þess, að samkvæmt fram lögðum lóðarleigusamningum vegna lóðanna nr. 8, 10, 12 og 14 við Grundarsmára varð stefndi Timburvinnsla H. J. hf. leigutaki í stað stefnda Sverris, sem upphaflega fékk lóðunum úthlutað. Þá bar stefndi Hjörleifur hér fyrir dóminum, að innborgun inn á verkið í nóvember 1994 hefði verið greidd úr tékkhefti Timburvinnslu H. J. hf. Að þessu athuguðu þykir því verða að gera ráð fyrir því, að stefndi Timburvinnsla H. J. hf. hafi gengið inn í umstefndan verksamning með stefnda Sverri og beri því greiðsluskuldbindingar samkvæmt samningnum. Timburvinnsla H. J. hf. telst því réttur aðili að þessu máli.

Stefndu Hjörleifur og Timburvinnsla H. J. hf. gera þá varakröfu, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Af hálfu þeirra var lagður fram reikningur á hendur Stórtaki hf., dagsettur 1. janúar 1996, að fjárhæð 1.554.850 kr., vegna timburúttektar Ágústs Skarphéðinssonar. Ágreiningslaust er, að Stórtak hf. heimilaði, að timburúttektin yrði skuldfærð á fyrirtækið, en reikningsfjárhæðinni var mótmælt sem allt of hárrí. Vitnið Ágúst Skarphéðinsson bar hér fyrir dóminum, að fjárhæð reikningsins væri allt of há miðað við það timbur, sem hann tók við frá stefnda Timburvinnslu H. J.

hf. Kvaðst hann hafa fengið timbur fyrir eitthvað á annað hundrað þúsund krónur. Með vísan til þessa þykja atvik málsins að þessu leyti of óljós, til þess að unnt sé að taka afstöðu til reikningsins, enda hefur ekki verið gerð formleg skuldajafnaðarkrafa í málinu. Fram er komið og ómótmælt, að verk það, sem stefnt er til greiðslu fyrir, var unnið. Þá er einnig ljóst, að fram lagður reikningur er í samræmi við fram lagða vinnuseðla, og þeir hafa ekki verið vefengdir. Þykja því engin efni til að lækka kröfur stefnanda.

Með vísan til framanritaðs er niðurstaða dómsins sú, að stefndu Timburvinnslu H. J. hf. og Sverri Sverrissyni beri in solidum að greiða stefnanda umkrafða fjárhæð að frádreginni innborgun, að fjárhæð 100.000 kr., eins og nánar greinir í dómorði, en stefndi Hjörleifur Júlíusson skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda.

Samkvæmt niðurstöðu málsins skulu stefndu Timburvinnsla H. J. hf. og Sverrir Sverrisson greiða stefnanda, Stórtaki hf., 200.000 kr. í málskostnað.

Arnfríður Einarsdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi Hjörleifur Júlíusson skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Stórtaks hf.

Stefndu Timburvinnsla H. J. hf. og Sverrir Sverrisson greiði in solidum stefnanda, Stórtaki hf., 1.489.094 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. júní 1995 til greiðsludags, og er heimilt að höfuðstólsfæra áfallna dráttarvexti að liðnum hverjum tólf mánuðum frá upphafsdegi vaxtanna.

Stefndu Timburvinnsla H. J. hf. og Sverrir Sverrisson greiði stefnanda 200.000 kr. í málskostnað.